

Ath. Þegar launaflokkur er breytt þá þurfa allar forsendur til þess að liggja fyrir samþykktar af réttum yfirmönnum og/ eða fyrirbyggjandi samningi viðkomandi stéttarfélags.

## Breyta launaflokki

Öll störf eru skráð í Orra með viðkomandi samningi og launaflokki. Þegar breyta þarf launaflokk er best að stilla fyrst kerfið á þá dagsetningu, sem nýr launaflokkur á að gilda.

Ath þer að þó um sé að ræða laugardag eða sunnudag þá skal skrá rétta dagsetningu en ekki miða við fyrsta virka dag.

1.

Smellt er á kerfisdagsetningu og stillt á þá dagsetningu sem nýi launaflokkurinn gildir frá.



Viðkomandi starfsmaður er valin/n með því að slá inn kennitölu eða starfsnúmer og þá opnast einstaklingskráningarmyndin. Smella skal á Starf hnappinn í þeirri mynd og þá opnast Starf myndin.

2.

Farið er með bendilinn í gula svæðið sem heitir Samn. og launaf..


Svæðið Samn. og launaf.. er tvískipt. Fyrir framan punktinn er nr. viðkomandi samnings sem launþegi tekur laun eftir og fyrir aftan punktinn er númer viðkomandi launaflokks

Mynd 1. Starf-myndin

## Breyta launaflokki


Hægt er að skrá nýja launaflokkinn 042 beint inn í reitinn með því að yfirritan þann eldri og vista síðan með því að velja <CTRL+S> eða diskettuna uppi á valslánni.

3. Einnig er hægt að leita að viðkomandi launaflokki með því að smella á punktana sem eru fyrir aftan svæðið Samn. og launaf. og þá kemur eftirfarandi mynd



Mynd 2. Starfmynd breyta launaflokki

Setja % merki í Leitarlínuna og smella á Find gluggann, þá kemur upp eftirfarandi gluggi:



Mynd 3. Starfmynd velja launaflokk


Fara með bendilinn á réttan launaflokk og ýta á <Enter>, þá kemur upp eftirfarandi gluggi:



Mynd 4. Starfmynd uppfæra breytingar á launaflokki

Við viljum geyma sögu upplýsinga, þannig að við smellum á Uppfæra.

Síðan vistum við þessar breytingar með því að smella á <CTRL+S> eða smellum á gulu diskettuna í tækjastikunni. Ef við gleymum að vista þá kemur þessi gluggi upp þegar við lokum starfamyndinni og þá getum við annaðhvort vistað með því að smella á Yes hnappinn eða ef við viljum ekki vista það sem við vorum að gera, þá getum við smellt á No hnappinn.



Mynd 5. Starfmynd vista breytingar á launaflokki

ATH ber að launakerfið reiknar ekki rétt hlutfall af launaflokki ef breytingin á launaflokknum er ekki frá og með mánaðarmótum. Launakerfið lítur einungis á launaflokkinn eins og hann er skráður síðasta dag mánaðarins sem er verið að reikna út laun fyrir. Ef launabreytingin er t.d. frá 10. einhvers mánaðar, þá þarf að setja inn tvær launaforsendur þannig að frá og með 01. til og með 09. þarf þá að láta kerfið reikna nýja launaflokkinn á þessu tímabili í mínus og á móti sama tímabil gamla launaflokkinn í plús. Þannig fær viðkomandi tímabilið 1. til og með 9. greitt í þeim launaflokki sem hann var í og svo greitt frá og með 10. til mánaðarmóta og áfram í þeim nýja.